

Bæjarins besta

ÓHÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRÐUM

Miðvikudagur 9. júlí 1997 • 27. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Úlfar Ágústsson um Ísafjarðarflugið

Viðbrögðin fyrstu dagana langt undir væntingum

„Ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum. Þetta flug er of lítið notað og langt undir þeim væntingum sem ég hafði fyrstu dagana. Ég er að reyna að átta mig á hvað veldur,“ sagði Úlfar Ágústsson umbodsmaður Íslandsflugs á Ísafirði, þegar blaðið spurði hann hver viðbrögð Vestfirðinga við Ísafjarðarfluginu hafi verið.

„Við erum að jafnaði með minni flugvélar en Flugfélag Íslands og finnst mér það líklegasta ástæðan. En við getum ekki gert betur fyrr en markaðurinn leyfir stærri vélar. Við höfum engan bakhjarl, sem leyfir okkur að tapa tugum

milljóna á ári eins og keppinauturinn. Hluti af vonbrigðunum eru þau, að við höfum bókað mikið, en oft mætir ekki nema helmingurinn í flugið. Við viljum þjóna Vestfirðingum með góðum og ódýrum flugsamgöngum og bjóðum upp á tvær flugvélategundir sem eru þekktar fyrir öryggi og hagkvæmni, en hvort það er sú stærri eða sú minni fer algjörlega eftir farþegafjöldanum. Við erum nú með stóru vélina tvisvar í viku á föstudags- og sunnudagskvöldum, sem eru helstu annadagarnir,“ sagði Úlfar.

Hann sagðist óneitanlega

velta því fyrir sér hvort fólk væri það ljóst að það bæri nú sjálft ábyrgð á fargjöldunum og þjónustunni, en ekki ríkisvaldið eins og áður var. „Ef fólk sættir sig áfram við 12.930 króna fargjöld, þá heldur það bara áfram að skipta við Flugfélag Íslands. Það er alveg ljóst, að ef við komumst ekki inn á þessa flugleið með ákveðinni markaðshlutdeild, þá drögum við saman seglin og þetta verður aðeins bóla eins og stöðvarstjóri Flugfélags Íslands talaði um í síðasta blaði BB. En það á sannarlega ekki við aðra ákvörðunarstaði Íslandsflugs. Farþegafjöldinn í



Ein af ATR flugvélum Íslandsflugs á Reykjavíkflugvelli.

Egilstaðfluginu og til Vestmannaeyja hefur margfaldast og farþegafjöldinn í Akureyrarfluginu er eftir hjörtustu vonum.

Okkar fargjald upp á 6.900 krónur gildir fyrir alla, en ekki fyrir fáa útvalda eins og hjá Flugfélagi Íslands, sem býður örfáum fargjald upp á 6.030 krónur, þriðjungi upp á 7.135 krónur, en flestir verða að setta

síð sig við gamla góða 12.930 króna fargjaldið. Þetta er það sem starfsmenn Flugfélags Íslands kalla að vera með bestu verðin og bestu þjónustuna.“

Úlfar sagðist vera ósáttur við ummæli stöðvarstjóra Flugfélags Íslands í síðasta tölublaði BB um þessi mál og vill ekki trú því að nærri helmingslækkun fargjalda þurfi að vera bóla sem springi.

Hann vildi þó taka fram að hann væri stöðvarstjóranum sammála um sameiginlega nýtingu tækja og búnaðar á flugvöllinum. „Auðvitað er það fátíðlegt, að vera með tvöfalðan tækjabúnað bæði úti og inni, sem samtals er notaður í tvo til þrjá tíma á dag. Það er til hagsbóta fyrir alla og lækkar verð ef samstaða næðist um þessa þætti,“ sagði Úlfar að lokum.



Líflegt í Ísafjarðarhöfn

Óvenju líflegt var í Ísafjarðarhöfn um helgina og á mánudaginn, þegar fjölmörg skip komu inn til löndunar. Páll Pálsson landaði á mánudag 100 tonnum af blönduðum afla af Vestfjarðamiðum. Frystitogarinn Júlíus Geirmundsson kom inn á laugardaginn með 235 tonn af frosnum afurðum og er aflaverðmæti þeirra 31 milljón króna. Orri ÍS kom inn á föstudaginn með 115 tonn af grálúðu og karfa eftir um mánaðar úthald og er aflaverðmætið um 28 milljónir króna. Á laugardaginn kom Sléttanes inn með 85 tonn af frosinni rækju að verðmæti um 13 milljónir króna. Skip ÚA, Harðbakur landaði á mánudaginn 40 tonnum af grálúðu í Fiskverkun Ásbergs hf. á Ísafirði og fær fyrirtækið vikulega farm af skipum ÚA næstu vikur.

Niðurskurður í heilbrigðisþjónustu

Sjúkrahús á Vestfjörðum verða harðast úti

Starfshópur á vegum heilbrigðisráðuneytisins skilaði í síðustu viku tillögum sínum um sparnað í rekstri sjúkrahúsa á landsbyggðinni. Tillögurnar gera ráð fyrir 160 milljóna króna sparnaði til loka ársins 1999 og þar af um 32 milljónum á þessu ári.

Fram hefur komið að forvarsmönnum sjúkrahúsa list illa á tillögur þessar og hefur t.d. bæjarstjórnin í Vesturbyggð dregið í efa rekstrargrundvöll Sjúkrahúss Patreksfjarðar ef þær koma til framkvæmda. Á þessu ári verður Sjúkrahúsum á Vestfjörðum gert að sæta mestum niðurskurði, að sögn Guðjóns Brjánssonar, framkvæmdastjóra Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði og enginn fjórðungur annar verður eins harkalega úti.



Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

Sjúkrahúsunum á Ísafirði og Patreksfirði er gert að spara 9,5 milljónir króna á þessu ári og sem hlutfall af sparnaðaraðgerðunum hér vestra nemur þetta 37% af þeim rúmlega 25 milljónum sem vestfirsku sjúkrahúsunum er gert að spara á næstu þremur árum.

Í samtali sem blaðið átti við Guðjón Brjánsson, kemur fram að Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði er samkvæmt tillögnum gert að spara 13,5 milljónir króna á næstu þremur árum. Guðjón segir að Vestfirðir hljóti mesta skellinn vegna niðurskurðarinnar. Sjá bls. 2.

Blaðsíða 4

Siri Frech í starfsnámi á Vestfjörðum



Blaðsíða 6

Mesti afli frá upphafi hjá Sjóstangaveiðifélaginu



Blaðsíða 9

Golfnámskeið, mót og grillaðar pylsur



Spurningin

Eru Bolvíkingar búnir að rífa öll gömlu húsin?



Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvík:
„Ef þú átt við gamla hótelið, þá held ég að fáir sjái eftir því. Einstaklingar hafa á undanförunum árum farið æ meira í að kaupa og endurbýggja gömul hús og ég fagna því. Við höfum farið þess á leit við húsfriðunarnefnd að kannaðir verði möguleikar á uppbyggingu Stúkuhússins og húsi Péturs Oddssonar og Einars Guðfinnssonar auk gamallar búðar við Hafnargötu. Það má segja að Ísafjörður hafi verið höfuðstaður landsins um tíma, þar voru umsvif einna mest og mörg glæsileg hús byggð og því af nógu að taka þar þegar ráðist er í endurbýggingu gamla húsa. Það sama á ekki við í Bolungarvík og því finnst mér ósanngjarnt að bera þessa tvo staði saman að þessu leyti. Ég vill svo biðja gagnrýnendur um að gleyma ekki uppbyggingu Osvarar.“

Þær raddir hafa heyrst að undanförmu sem segja að í Bolungarvík séu öll gömul hús rífin og að Bolvíkingar hugi lítt að menningararf sínum þegar kemur að uppbyggingu gamla húsa. Þeir mættu taka Ísafirðinga sér til fyrirmyndar og þá uppbyggingu gamla húsa sem átt hefur sér stað í Neðsta-kaupstað.



Niðurskurður í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni

Enginn annar fjórðungur fær svona skell

— segir Guðjón Brjánsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði

FSÍ gert að spara 13,5 milljónir á þremur árum

„Tillögurnar koma auðvitað mjög illa við okkur og ekki síst í ljósi þess að við höfum verið að auka við alla þætti þjónustunnar. Við teljum okkur hafa sýnt ráðdeild í rekstrinum, verið samvinnufúsir og sinnt upplýsingaskyldu til heilbrigðisfyrvalda eins og vera ber. Okkur hefur verið hrósað fremur en hitt, fyrir þá starfsemi sem við höfum verið að byggja hér upp,“ sagði Guðjón Brjánsson framkvæmdastjóri FSÍ í samtali við blaðið, en honum finnst nýframmkomnar sparnaðartillögur vera hálf kaldar kveðjur sem komi ofan á hagræðingu sem náðst hefur í rekstri FSÍ á undanförunum árum.

„Í rauninni höfum við orðið fyrir fjárframlagaskerðingu árlega undanfarin fjögur til fimm ár miðað við þjónustuna sem veitt er. Jafnvel þegar kjarasamningar hafa leitt til hærri launakostnaðar, þá hafa framlög vegna þess skilað sér illa til okkar, en við erum svo sem ekkert einir um það hérna á Ísafirði.“

Að sögn Guðjóns er Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði gert

að spara 13,5 milljónir króna á næstu þremur árum, þar af 5 milljónir króna á þessu ári samkvæmt erindi ráðuneytisins, en fjárhagsáætlun þessa árs gerir ráð fyrir útgjöldum upp á 218,8 milljónir króna.

Verið að flytja þjónustuna úr heimabyggð

„Hætta er á að við verðum að draga úr þjónustunni hérna, en hún flýst þá líklega til Reykjavíkur og við vitum alveg hvað það þýðir. Sjúkrastofnanir í Reykjavík virðast ekki hafa burði til að taka við öllu fleiri verkefnum eins og er. Þ.e.a.s. nema þær fái stórfelld framlög til viðbótar, sem þýðir að enn fleiri verkefni verða flutt frá landsbyggðinni suður til Reykjavíkur. Sjúkrahúsin þar geta vafalaust veitt þá þjónustu sem við veitum mjög vel hérna, en munurinn er sá að þá er þjónustan veitt á dýrum háttækisþátölum með tilheyrandi kostnaðarauka.“

Möguleika á sparnaði leitað í starfsmannahaldi?



Guðjón Brjánsson.

Ekki er búið að taka ákvörðun um hvernig brugðist verður við kröfum um sparnað að sögn Guðjóns, en hann benti á að starfsmannakostnaður sem hlutfall af heildarútgjöldum væri 71-72% og eðlilegt væri að möguleika á sparnaði yrði leitað þar. Hann reiknar með að heilbrigðisráðherra fari að tillögum nefndarinnar og því sé hér um endanlega niðurstöðu að ræða, a.m.k. þetta árið.

„Við munum að sjálfsögðu mótmæla þessum hugmyndum og leita skýringa á hvað veldur þessum mikla niðurskurði hér. Á þessu ári verður Vestfjórðungur gert að sæta mestum niðurskurði og enginn fjórðungur annar verður eins harkalega úti.“

Sjúkrahúsunum á Ísafirði og Patreksfirði er gert að spara 9,5 milljónir á þessu ári og sem hlutfall af sparnaðaragerðunum hér vestra nemur þetta 37% af þeim rúmlega 25 milljónum sem vestfirsku sjúkrahúsunum er gert að spara á næstu þremur árum,“ sagði Guðjón.

Engin annar fjórðungur fær svona „skell“ að sögn Guðjóns og benti hann á til samanburðar, að t.d. væri umsvifaminni sjúkrahúsum aðeins gert að skera niður um eina milljón á þessu ári. Takmarkaðar skýringar fylgja þessum tillögum en það er Guðjón ekki sáttur við og hyggst leita þeirra. Hann segist treysta því að fulltrúar Vestfirðinga á Alþingi og sveitarstjórnarmenn, standi vörð um heilbrigðisstofnanir í fjórðungnum.

Krefjumst langtímastefnu í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni

„Ég tel að þessir aðilar eigi að láta heyra í sér um þetta mál. Þetta er ekki einkamál stofnananna því starfsemin snýst um öryggis- og bráða-

þjónustu auk þess sem þetta er spurning um atvinnu fólks. Málið er að það eru engir peningar í heilbrigðiskerfinu út á landi miðað við Reykjavík. Líklega fara ekki nema 10% af heildarframlögum til sjúkrahúsanna á landsbyggðinni, en niðurskurðurinn hefur veruleg áhrif á alla starfsemina þar. Menn ættu miklu fremur að athuga möguleika á hagræðingu í rekstri sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Þar er hægt að ná fram hagræðingu með sameiningu ef menn vilja, sagði Guðjón.

„Við munum krefjast þess að sett verði fram langtímastefna varðandi heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni því við viljum ekki standa frammi fyrir svona upplausnarstandi ár eftir ár, þar sem allt fer á annan endann. Vandinn við að tryggja mönnun sjúkrahúsanna á landsbyggðinni er ærinn fyrir og það er ábyrgðarhluti að efna sífellt til uppbóta af þessu tagi. Hvernig heilbrigðisfyrirvöld halda að hægt sé að manna þessar stofnanir á meðan svona umræður eru í gangi, er mér hulin ráðgáta, sagði Guðjón Brjánsson að lokum.“

Bæjarins besta

Stofnab 14. nóvember 1994

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
☐ 456 4564

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

Netfang:

hprent@snerpa.is

Stafræn útgáfa:

http://www.snerpa.is/bb

Leiðari

Landhelgisgæslan á Ísafjörð

Hljótt er um þær fyrirætlunar stjórnvalda að dreifa ríkisstofnunum um landið í því augnamiði að efla viðkomandi byggðarlög. Bæagslagangurinn út af fyrirhuguðum flutningi Landmælinga Íslands til Akraness er búinn. Málið er ekki fréttæfni lengur.

Ekki er annað vitað en að umhverfisráðherra ætli að standa fast á sínu þegar umpóttunar- og aðlögunartíminn að flutningnum er liðinn. Landmælingar skulu á Skagann. Annað væri uppgjöf. Hitt á eftir að koma í ljós hvort jarðgöngin undir Hvalfjörð breyta einhverju.

Helstu rökin gegn flutningi ríkisstofnana út á land hafa verið þau, að samgöngur frá landsbyggðinni til Reykjavíkur séu miklu greiðari en milli einstakra staða úti á landi. Í Reykjavík væru og yrðu allar helstu opinberar stofnanir og því leiddi dreifing þeirra einungis til aukins kostnaðar og óþæginda fyrir landsbyggðarfólk. Þetta eru veigamikil rök og vissulega rétt að mörgu leyti. Þó engan veginn einhlýtt.

Engum kemur til hugar að fara í úllen-dúllen-doff-leik og láta tilviljun eina ráða hvaða stofnanir eru fluttar og hvar þeim er dritað niður. Sumar stofnanir eiga hvergi heima annars staðar en í höfuðborginni. En það eru líka til ríkisstofnanir sem sóma sér með fullri reisn utan höfuðborgarsvæðisins og staðsetning þeirra þar myndi á engan hátt draga úr þjónustuhlutverki þeirra né gjaldi fyrir landsmenn almennt. Skógræktin, sem Austfirðingar

tóku á móti á sínum tíma ber þessu órækt vitni. Úrtöluraddir skammstýnna spámanna gegn flutningi Skógræktarinnar reyndust orðin tóm. Svo verður líka um nöldrið út af flutningi Landmælinga á Skipaskaga.

Einhverra hluta vegna hafa Vestfirðir ekki oft verið nefndir þegar rætt hefur verið um flutning ríkisstofnana út á land. Ein er þó sú ríkisstofnun sem sóma myndi sér vel í höfuðstað Vestfjarða: Landhelgisgæslan.

Á Ísafirði eru öll skilyrði til að taka við Landhelgisgæslunni. Höfnin með þeim bestu á landinu. Ísfrisk fyrirtæki fyllilega í stakk búin til að þjónusta skip Gæslunnar. Og síminn og tölvurnar virka engu að síður fyrir vestan en fyrir sunnan. En, það sem mest er um vert: Þótt varðskipin séu á flandri í kringum landið þá er það í vetrarveðrum á miðunum úti fyrir Vestfjörðum, sem mest á reynir. Þá er ekki verra að heimahöfnin sé nærri.

Landhelgisgæslan er ekki ein af þeim stofnunum, sem menn þurfa í tíma og ótíma að hendast til Reykjavíkur til að sinna erindum í. Tæknilega séð er engin þörf að Landhelgisgæslan sé staðsett í Reykjavík. Hún er einfaldlega betur komin hér fyrir vestan.

Er ekki tímabært að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, þingmenn kjördæmisins og stjórnannasamtök hér um slóðir láti frá sér heyra. Þessum aðilum er ekki ofraun að hugleiða málið, sem áreiðanlega er mikið hagsmunamál fyrir Vestfirðinga.

s.h.

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.



Ársreikningur bæjarsjóðs Ísafjarðarbæjar

Verulegur árangur í endurskipulagningu fjármála

Ársreikningur bæjarsjóðs Ísafjarðarbæjar og stofnana hans fyrir árið 1996 var lagður fram til fyrri umræðu á fundi bæjarstjórnar 26. júní s.l. Í frétt frá Ísafjarðarbæ segir að niðurstöður ársreikningsins séu í samræmi við samandregnar fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna sex sem sameinuðust 1. júní á síðasta ári í Ísafjarðarbæ. Frávik eru nokkur innan einstakra málaflokka en niðurstöður rekstrar, fjárfestinga og staða efnahags eru í samræmi við fjárhagsáætlun ársins.

Heildartekjur voru 1.184 milljónir króna

Heildartekjur voru 1.184 milljónir króna en heildarrekstrargjöld 1.050 milljónir króna. Framlag úr rekstri varð því 134 milljónir króna. Til

framkvæmda var varið 406 milljónum króna til ýmissa verkefna á vegum bæjarsjóðs og stofnana hans. Afborganir langtímalána námu 216 milljónum króna, en tekin voru ný langtímalán til fjárfestinga og skuldbreytinga skammtímalána, samtals að fjárhæð 358 milljónum króna.

Helstu framkvæmdir voru: leikskóli á Flateyri, íþróttamiðstöðvar á Flateyri og Þingeyri og framlög til varna gegn snjóflóðum. Ennfremur voru verulegir fjármunir lagðir í viðhald gatnakerfis sveitarfélagsins og endurnýjun vatnsveitu á Ísafirði. Umtalsverðar framkvæmdir voru einnig unnar á síðasta ári við hafnirnar á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og á Ísafirði. Einnig var unnið á árinu 1996 að viðgerðum á sorpbrennslustöðinni Funa eftir snjóflóðið í október 1995.

Frávik frá fjárhagsáætlun ársins aðeins 1,2%

Heildarskuldir bæjarsjóðs og stofnana hans námu 1.424 milljónum króna í árslok 1996. Peningalegar eignir á móti þessum skuldum námu 347 milljónum króna þannig að peningaleg staða bæjarfélagsins er neikvæð um 1.077 milljónir króna. Á móti peningalegri stöðu standa fastafjármunir að frádregnu eigin fé. Fastafjármunir námu 1926 milljónum króna í árslok 1996 og eigið fé nemur 861 milljón króna.

Í frétt Ísafjarðarbæjar segir: „Ársreikningurinn ber það með sér að verulegur árangur hefur náðst í endurskipulagningu á fjármálum sveitarfélaganna sex sem sameinuðust. Þrátt fyrir að fjárhagsáætlun fyrir

árið 1996 hafi verið unnin í hverju sveitarfélaganna fyrir sig, er niðurstaða ársreiknings í samanburði við áætlun sveitarfélagsins sú, að frávik frá fjárhagsáætlun ársins er einungis um 1,2%. Þessum árangri skilar sú mikla vinna sem bæjarfélagið hefur lagt í uppbyggingu nýs stjórnskerfis, endurskipulagningu bókhalds og fjármála hins nýja bæjarfélags.“



Nýtt símanúmer tímabantanir
450 4511

Ísafjarðarbær

Trésmiðjan hf. stækkar við sig

Á laugardaginn var tekin fyrsta skóflustungan að viðbyggingu við Trésmiðjuna hf. í Hnífsdal. Það voru dætur framkvæmdastjóra fyrirtækisins, þær Elsa Margrét og Erna Magnúsdætur sem unnu verkið sameiginlega og notuðu til þess Komatsu gröfu. Framkvæmdastjórnin, Magnús Helgason, sagði í samtali við blaðið að ætlunin væri að byggja 150m² hús við verkstæði Trésmiðjunnar og stækka hana þar með um tæpan helming. Aukin eftirspurn eftir framleiðslu fyrirtækisins kallar á aukid húsrými, að sögn Magnúsar, en það hefur m.a. sérhæft sig í framleiðslu innréttinga, glugga, hurða og stiga.

Magnús sagði að þátttaka Trésmiðjunnar í Atvinnuvegasýningunni í byrjun júní hefði



Magnús Helgason fylgist með dætrum sínum, Elsu Margréti og Ernu, en þær tóku fyrstu skóflustunguna að viðbyggingu Trésmiðjunnar hf. í Hnífsdal á laugardaginn.

greinilega skipt máli og nú væri svo komið að eftirspurn yrði ekki annað nema í stærra húsnæði, með fleiri vélum og starfsmönnum. Eftir stækkun er ætlun fyrirtækisins að fjölga

um tvo á verkstæðinu, en samtals vinna 13 manns í sumar hjá Trésmiðjunni.

um tvo á verkstæðinu, en samtals vinna 13 manns í sumar hjá Trésmiðjunni.

Vestfirðir

Sumarlest ESSO

Sumarlest Esso verður á Hólmavík n.k. föstudag frá kl. 16-18, á Ísafirði á laugardaginn frá kl. 14-16 og á Patreksfirði á sunnudaginn frá kl. 14-16. Á Ísafirði hefst ratleikur á laugardeginum kl. 13:30 og er gasgrill í verðlaun.

Eins og undanfarin ár verður heilmargt um að vera þar sem Sumarlestin kemur við hverju sinni. Grillveisla verður í boði Afurðasöluunar í Borgarnesi, ís frá Emmess-ís, sælgæti frá Mónu og gos

og snakk frá Ölgerðinni. Loftkastali og fleiri leiktæki verða fyrir yngri kynslóðina, vöruuppboð og aðrar óvæntar upptakomur.

Þá verða aðalvinningar í stimpilleik Vegabréfs Esso og Ferðamálaráðs Íslands til sýnis, VW Polo frá Heklu og Easy-Camp Petit tjaldvagn frá EVRÓ, en Vegabréfið er hægt að fá á bensinstöðvum Esso um allt land og á upplýsingamiðstöðvum ferðamála.



ÁTVR á Ísafirði

Opið á laugardögum í júlí og ágúst

ÁTVR á Ísafirði verður opin á laugardögum í júlí og ágúst í sumar frá kl. 10 til 12. Að sögn Jónatans Arnórssonar, útsölustjóra ÁTVR á Ísafirði, er með þessum opnunartíma verið að koma til móts við viðskiptavinum og ferðafólki yfir sumartímann. Fyrsti dagurinn sem opið er samkvæmt nýja opnunartímanum var á laugardaginn og sagði Jónatan að „slæðingur“ fólks hefði komið til að versla, bæði heimamenn og ferðafólk. Jónatan sagði aðspurður að samsetning

útseldra áfengistegunda breyttist ávallt á sumrin en þá væri greinileg aukning í bjórsölu, sem hann taldi að rekja mætti að hluta til grillhátta Vestfirðinga. Sala bjórs í lausu hefur komið ágætlega út að sögn Jónatans, en um tíma hefur viðskiptavinum ÁTVR gefist kostur á að versla allan bjór á dósnum í stykkjatali. Ekki verður boðið upp á kældan bjór í ÁTVR á Ísafirði og sagði Jónatan að plássleysi hamlaði því.

Rauðikross Íslands

Börn sjálfboðaliða og flóttamanna á námskeiði

Nú stendur yfir námskeið á Ísafirði fyrir börn 10-11 ára á vegum Rauðakross Íslands sem nefnist „Mannúð og menning.“ Að sögn Bryndísar Friðgeirsdóttur hjá Rauðakrossinum á Ísafirði, eru börnin frædd um ýmis mannúðarmál og hvernig þau tengjast menningu í heiminum. Jafnframt fer fram fræðsla um umhverfismál auk þess sem farið verður um svæðið og ýmislegt markvert skoðað. Námskeiðið

hófst á mánudaginn og stendur til föstudags. „Við fengum þetta námskeið vestur aðallega fyrir börn sjálfboðaliða Rauðakrossins hérna. Sjálfboðaliðarnir hafa skilað svo góðu starfi í sambandi við komu flóttamanna, að við ákváðum að gera eitthvað fyrir þá í staðinn og niðurstaðan var að bjóða börnum þeirra og börnum flóttamanna saman á þetta námskeið,“ sagði Bryndís í samtali við blaðið.

Evrópusambandið styrkir starfsnám skv. Leonardoáætlun á Vestfjörðum

Siri Frech *vinnur fyrir* Atvinnuþróunarfélagið



Siri Frech fékk styrk til starfsnáms á Vestfjörðum frá Evrópusambandinu. Á myndinni er hún ásamt Dóru Lubecki, ferðamálafulltrúa Vestfjarða, sem hefur umsjón með starfi hennar hér.

Siri Frech sem er 26 ára þýskur skipulagsfræðingur, hefur nú um skeið unnið að ýmsum verkefnum undir stjórn Dóru Lubecki, ferðamála-fulltrúa hjá Atvinnuþróunarfélaga Vestfjarða, með styrk frá Evrópusambandinu. Um tilrauna-verkefni er að ræða en, Evrópusambandið styrkir árlega fjölda háskólanna til starfsnáms erlendis og ákváðu þær stóllur að gera tilraun til að sækja um styrk fyrir Siri til starfsnáms á Íslandi úr svokallaðri Leonardo áætlun sambandsins. Styrkurinn fékkst og vonast Dóra til að áframhald geti orðið á heimsoðnum erlendra námsmanna í starfsnám á Vestfjörðum á næstu árum. Starf Sírjar felst að mestu í hugmyndavinnu og leitast hún t.d. við að tengja sögu og náttúrufræði einstakra staða og safnar upplýsingum og bendir á nýja möguleika við markaðssetningu þeirra sem ferðamanna-staða.

Siri hefur lokið almennum hluta náms síns en á eftir að ljúka lokaritgerð áður en hún útskrifast sem landslags- og

skipulagsfræðingur. Eins og áður sagði vinnur Siri að ýmsum verkefnum, en hún valdi Reykjarfjörð á Hornströndum sem sérverkefni og dvaldi þar í viku og safnaði upplýsingum, tók myndir, skráði gönguleiðir og fleira. Upplýsingarnar mætti hugsanlega nota seinna til hönnunar bæklinga sem henta mun til markaðssetningar Reykjarfjarðar. Ekki er enn ljóst hvort eða hvenær bæklingur verður gefinn út, en Dóra telur að hagsmunaaðilar muni sjá sér hag í að gefa hann út.

Siri fannst Drangajökull áhrifaríkastur af því sem hún sá í Reykjarfirði og sagði það stórkostlega upplifun að sitja í heita pottinum þar og horfa á hinn háa, mikilfenglega og fallega jökul. Einnig fannst henni saga staðarins heillandi en hún endurspeglast að miklu leyti í örnefnum, segir Siri. Hún hefur hug á að gera sérstakt örnefnakort en sögurnar sem tengjast örnefnum eru mjög merkilegar og fallegar. Hún hefur dvalið á Íslandi það sem af er sumri og segist hafa lent í ýmsu skemmtilegu. Veðrið hafi

verið af mörgu tagi og stundum allar tegundir sama daginn. Henni finnst jarðhitinn sem víða stígur frá jörðu afar merkilegur en henni óar stundum við tilhugsuninni um að allur þessi kraftur sé undir fótum hennar. Hún fer einhvern næstu daga aftur til Þýskalands en segist örugglega ætla að koma aftur til Íslands.

Dóra segist vona að framhald verði á komum erlendra námsmanna til Vestfjarða í starfsnám og ætla að vinna að því. Hún telur óþrjótandi verkefni vera til staðar fyrir þá að vinna við og telur jákvætt að fá stundum utanaðkomandi aðila til að koma með hugmyndir því „oft sé gests augað glögg.“ Hún segist ætla að senda þau skilaboð til Evrópusambandsins að á Vestfjörðum sé hægt að taka á móti námsmönnum og tryggja þeim aðstöðu og verkefni undir leiðsögn. Í ljósi þessarar tilraunar lofi framhaldið góðu og vonandi eigi Vestfirðir og íbúar, ásamt væntanlegum námsmönnum eftir að njóta góðs af í framtíðinni.



Pantanasíminn er 456 3367



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

- Brautarholt 12:** 161,2m² einbýlishús á einni hæð ásamt 56m² bílskúr. Góð greiðslukjör. Laust 1. ágúst. Tilboð óskast. Verð: 9.500.000,-
- Dalbraut 13:** 120,7m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
- Hafraholt 14:** 144,4m² raðhús á tveimur hæðum, ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
- Hlíðarvegur 26a:** 120m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-

- Hlíðarvegur 38:** 183,2m² raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-
- Hlíðarvegur 43:** 186m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 10.200.000,-
- Hlíðarvegur 48:** 146,4m² einbýlishús á þremur pöllum, mjög falllegt útsýni. Verð: 7.000.000,-
- Miðtún 31:** 190m² endaraðhús í norðurendaátveimurhæðum. Tilboð óskast.
- Mjallargata 8:** 117,8m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Laust mjög fljótlega. Verð: 7.400.000,-
- Silfurgata 9:** 150m² einbýlishús, 4ra



Heiðarbraut 6: 133,3m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 10.700.000,-



Silfurgata 11: 56,2m² þriggja herbergja íbúða á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Öll nýlega uppgerð. Tilboð óskast.

- herbergja á tveimur hæðum, ásamt garði, kjallara og geymsluskúr. Verð: 6.800.000,-
- Skipagata 11:** 78 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er laust strax. Tilboð óskast.
- Stakkanes 4:** 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti möguleg á Eyrinni. Verð: 9.900.000,-
- Stakkanes 6:** 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti minni eign möguleg. Verð: 10.900.000,-
- Tangagata 6a:** 99,7m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt litlum kjallara. Verð: 6.800.000,-
- Urðarvegur 26:** 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-
- Urðarvegur 58:** 209m² raðhús á þremur pöllum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 12.500.000,-

4-6 herbergja íbúðir

- Engjavegur 21:** 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-
- Engjavegur 31:** 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikild uppgerð. Skipti á stærri eign

- möguleg. Verð: 5.900.000,-
- Fjarðarstræti 4:** 120m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Verð kr. 6.500.000,-
- Fjarðarstræti 38:** 130m² 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þrjúbýlishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 7.000.000,-
- Hjallavegur 12:** 113,9m² 4ra - 5 herbergja íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi. Verð: 5.500.000,-
- Pólgata 4:** 136 m² 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þrjúbýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-
- Seljalandsvegur 20:** 161,2m² 5-6 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt stórum bílskúr. Mjög falllegt útsýni. Verð: 10.700.000,-
- Seljalandsvegur 20:** 125,2m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 7.900.000,-
- Sólgata 5:** 102m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5.000.000,-
- Stórholt 7:** 116m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð t.h. í fjölbýlishúsi. Verð 7.400.000,-
- Stórholt 11:** 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílageymslu. Íbúðin er laus fljótlega. Verð: 7.800.000,-
- Stórholt 13:** 103m² 4ra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á stærri eign

- möguleg. Verð: 7.900.000,-
- Tangagata 20:** 70m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 3.500.000,-
- Túngata 12:** 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þrjúbýlishúsi. Mikild uppgerð. Verð: 6.700.000,-
- Túngata 21:** 77,5m² 4ra herbergja risibúð í þrjúbýlishúsi. Verð: 5.600.000,-
- Urðarvegur 25 - Hraunprýði:** 155m² 5-6 herbergja íbúð á 2 hæðum að hluta í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti á óýrari eign möguleg. Tilboð óskast.
- Urðarvegur 45:** 131,2m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 7.500.000,-

3ja herbergja íbúðir

- Fjarðarstræti 13:** 80m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi, tvö aukaherbergja í risi og kjallara. Verð 5.700.000,-
- Hlíðarvegur 27:** 76m² íbúð á efri hæð tvíbýlishúsi ásamt 35m² bílskúr. Mögulegt að taka bíl uppi. Laus strax. Verð: 5.400.000,-
- Pólgata 6:** 55m² risibúð á 3. hæð, suðurenda í fjölbýlishúsi. Mikild endurnýjuð. Verð: 3.900.000,-
- Seljalandsvegur 67:** 107m² íbúð á

- neðri hæð í tvíbýli. Verð: 6.000.000,-
- Stórholt 7:** 74,6 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-
- Stórholt 7:** 74,6 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Skipti á eign á Eyrinni. Verð: 4.900.000,-
- Stórholt 9:** 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-
- Stórholt 11:** 80m² 3ja herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-
- Stórholt 11:** 80 m² 3ja herbergja íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-
- Stórholt 11:** 72,6m² 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-
- Urðarvegur 80:** 82m² íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 6.800.000,-

2ja herbergja íbúðir

- Grundargata 2:** 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Tilboð óskast.
- Hlíf II:** 50,4m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6.100.000,-
- Hlíf II:** 50,4 m² íbúð á 4. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 5.900.000,-



Sundstræti 24: 69m² íbúð á jarðhæð í þrjúbýlishúsi. Sér hiti, rafmagn og inngangur. Mikild uppgerð. Verð: 4.900.000,-

Hugmyndir um stofnun Þróunarseturs Vestfjarða

Á föstudaginn verður efnt til fundar á Ísafirði um stofnun Þróunarseturs Vestfjarða, að frumkvæði Halldórs Halldórssonar, framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga og Aðalsteins Óskarssonar hjá Byggingastofnun á Ísafirði.

Undanfarna mánuði hafa þeir Halldór og Aðalsteinn ásamt Hjálta Karlssyni hjá Hafrannsóknarstofnun á Ísafirði og Kristni Þór Kristinssyni hjá Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins á Ísafirði, unnið að hugmynd sem stefnir að sameiginlegu aðsetri rannsóknar-, mennta- og atvinnuþróunarstofnana á Ísafirði sem þeir hafa

kallað Þróunarsetur Vestfjarða. Upphaflega voru hugmyndir um sameiginlegan rekstur Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Byggingastofnunar, Fjórðungssambands Vestfirðinga, Hafrannsóknarstofnunar og Rannsóknarstofnunar Fiskiðnaðarins. Á síðari umræðustigum kom fram sú hugmynd að kanna vilja fleiri aðila sem tengst gætu þessu máli. Má þar nefna Búnaðarsamband Vestfirðinga, Framhaldsskóla Vestfjarða, Háskóla Íslands, Háskólan á Akureyri og Iðntæknistofnun. Einnig mun hafa verið horft til þess að ákveðið hefur verið að setja upp á Ísafirði, landamæra-

stöð til eftirlits á innflutningi sjávarafurða til evrópska efnahagssvæðisins, en slík starfsemi verður á vegum Fiskistofu.

Á fundinn á föstudaginn hafa auk framangreindra aðila verið boðaðir fulltrúar: sveitarfélaga á Vestfjörðum, Náttúrustofu Vestfjarða, alþingismenn Vestfirðinga og þróunarsamtök á Vestfjörðum. Þar verður hugmyndin um stofnun Þróunarseturs kynnt ásamt húsnæðiskostum og áætluðum rekstrar- og áætlunum.

Að sögn Halldórs Halldórssonar er það trú þeirra félaga að með stofnun Þróunarseturs verði stigið framfaraspör í rann-

sóknar- og þróunarmálum á Vestfjörðum. Hann segir Þróunarsetrið opna nýja möguleika varðandi starfsumhverfi háskólamenntaðs fólks sem vill starfa á Vestfjörðum, auk þess sem það gefi Vestfirðingum, sem flutt hafa í burtu til að mennta sig, tækifæri til að koma til baka. Jafnframt muni samstarf fyrirtækja á svæðinu eflast og þau fái tækifæri til að mennta starfsfólk sitt enn frekar. Hvað skólamál varðar, segir Halldór að Þróunarsetur gefi Framhaldsskóla Vestfjarða möguleika á að byggja ofan á starfsemi sína og auki möguleika á stofnun héraðsháskóla.



Aðalsteinn Óskarsson og Halldór Halldórsson.

Sjávarútvegsráðuneytið

Leyfilegur fjöldi sóknardaga verður auglýstur

Ekki mun liggja fyrir hver nýting sóknardaga krókabáta verður fyrir en yfirstandandi fiskveiðiári lýkur. Því er í reglugerð sjávarútvegsráðuneytisins um veiðar krókabáta ekki kveðið á um fjölda leyfilegra sóknardaga á næsta fiskveiðiári, fyrir þá sem þann kost

völdu á sínum tíma, en kveðið á um að innan 10 daga frá upphafi fiskveiðiársins skuli auglýsa hver leyfilegur fjöldi sóknardaga verður. Ennfremur er kveðið á um að þeir dagar sem nýttir verða áður en auglýsingin verður birt teljist til sóknardaga.



Meistaramót Golfklúbbs Ísafjarðar

Sigurður Samúelsson sigraði í 5. skiptið í röð

Meistaramót Golfklúbbs Ísafjarðar fór fram í síðustu viku, frá miðvikudegi til sunnudags, og voru leiknar 18 holar á dag, eða 72 holar samtals. Sigurður Samúelsson stóð uppi sem sigurvegari í fimmta skiptið í röð, en hann keppti í flokki kylfinga með lægsta forgjöf. Sigurður fór 72 holar á 309 höggum, en annar varð Kristinn Þ. Kristjánsson með 352 högg og þriðji Pétur H.R. Sigurðsson með 353 högg.

Í næsta forgjafarflokki, 2. flokki, varð Björn Helgason efstur með 358 högg, en annar varð Ingi Magnfredsson með 365 högg. Í 3. flokki sigraði Pétur Bjarnason á 374 höggum, Hreinn Pálsson varð annar á 391 höggum og Hákon Her-



Sigurður Samúelsson sigraði á meistaramóti Golfklúbbs Ísafjarðar í 5. skiptið í röð, en leiknar voru 72 holar á fimmdögum eða 18 holar á dag.

mannsson þriðji á 393 höggum. Á morgun verður verður Háforgjafarmót haldið á Tungudalsvelli og verða leiknar 18 holar. Ræst verður út frá kl. 18:00 til 20:00.

Um næstu helgi verður Vest-

fjarðarmótið í golfi haldið og verður leikið á Tungudalsvelli í kvenna- og karlaflokkum, en á Bolungarvíkurvelli í unglingsflokkum. Mótið hefst kl. 9:00 á laugardag.



Nýtt símanúmer
450 4500



Til sölu í miðbænum

Stór 5 herbergja íbúð á þriðju hæð að Silfurgötu 1 (Björnsbúð).

Upplýsingar í síma 456 3030 eftir kl. 18:00.



Súðavíkurhreppur

Útboð

Súðavíkurhreppur óskar eftir tilboðum í flutning á timburhúsinu Aðalgata 60, sem er 49m².

Skeypa skal nýjan kjallara undir húsið og skila því full frágengnu á lóðina Víkurgata 7, í nýja hverfinu í Súðavík.

Helstu magntölur eru:

Kjallari 58,6m² 146,1m³
1. hæð 56,8m² 193,3m³

Verktími: Uppsteypu kjallara að Víkurgötu 7 skal lokið fyrir 01.09.1997. Verkinu skal að fullu vera lokið fyrir 01.12.1997.

Gögn fast afhent á skrifstofu Súðavíkurhrepps frá 14.07.1997 gegn 5.000,- kr skilagjaldi.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Súðavíkurhrepps fyrir þriðjudaginn 29.07.1997 kl. 14:00.



Keppendur lögðu áherslu á að fá sem flestar fisktegundir og á myndinni má sjá Hafsúlu ÍS við brjótsendann í Bolungarvík, þar sem rennt var fyrir marhnút.

Sjóstangaveiðimót Sjóstangaveiðifélags Ísfirðinga

Mesti afli frá upphafi - tæp níu tonn



Skipstjórum bátanna sem réru með keppendum var klappað lof í lofa á lokahófinu í Víkurbae á laugardagskvöldið.



Sveit Sigfríðar Valdimarsdóttur frá Akureyri sigraði í sveitarkeppni kvenna með 1.056,8 kg.



Í karlaflokki sigraði sveit Einars Kristinssonar frá Reykjavík með 1.288,1 kg.

Sjóstangaveiðimót Sjóstangaveiðifélags Ísfirðinga var haldið á föstudag og laugardag í síðustu viku. Í keppninni tóku þátt 21 karl og 13 konur, en rótið var frá Bolungarvík á sjö bátum og látið úr höfn kl. 7:00 báða dagana en hætt að veiða kl. 15:00. Fyrri daginn var ágætasta veður, en seinni daginn dálítill kaldi og vindur allt að fjórum til fimm vindstigum. Afli í mótinu var sá mesti frá upphafi skipulagðrar sjóstangaveiðikeppni á Ísafirði. Alls veiddust 5.683 fiskar sem vógu 8.870 kg og veiddust að meðaltali tæp 265 kg á stöngina. Aðal veiðislóðin var undir Stigahlíðinni og Ritnum.

Í sjóstangaveiðikeppni er keppt í sveitarkeppni karla og kvenna og hver sveit með fjórum keppendum svo og í einstaklingskeppni. Sveitarkeppnin var mjög spennandi og eftir að aflatölur fyrir dag keppinnar lágu fyrir, gat nánast hvaða sveit sem var unnið

mótið.

Sveit Sigfríðar Valdimarsdóttur frá Akureyri sigraði í sveitarkeppni kvenna með 1.056,8 kg. Í öðru sæti varð sveit Sigurbjargar Kristjánsdóttur með keppendum frá Ólafsvík og Ísafirði með 964,8 kg og í þriðja sæti sveit Sigrúnar Baldursdóttur frá Ísafirði með 885,9 kg. Í karlaflokki sigraði sveit Einars Kristinssonar frá Reykjavík með 1.288,1 kg. Í öðru sæti varð sveit Sigurðar A. Guðmundssonar með keppendum frá Ólafsvík og Reykjavík með 1.125,7 kg og í þriðja sæti sveit Gunnars Þorsteinssonar með keppendum frá Reykjavík, Siglufirði og Vestmannaeyjum með 1.125,4 kg.

Í einstaklingskeppni kvenna sigraði Guðlaug Carlsdóttir frá Sjóstangaveiðifélagi Akureyrar með 341,9 kg. Í öðru sæti varð Sigurbjörg Kristjánsdóttir frá Sjóstangaveiðifélagi Snæfellsness með 313,5 kg og í þriðja sæti Guðrún Jóhannesdóttir frá

Sjóstangaveiðifélagi Akureyrar með 286,4 kg. Í einstaklingskeppni karla sigraði Skarphéðinn Ásbjörnsson frá Sjóstangaveiðifélagi Siglufjarðar með 498,0 kg. Í öðru sæti varð Einar Kristinsson frá Sjóstangaveiðifélagi Reykjavíkur með 372,4 kg og í þriðja sæti Þórarinn Hilmarsson frá Sjóstangaveiðifélagi Snæfellsness með 364,5 kg.

Auk verðlauna fyrir sigur í sveitarkeppninni og einstaklingskeppninni voru veitt verðlaun fyrir stærstu fiska einstakra tegunda, fyrir flestar tegundir og flesta fiska, til aflahæsta heimamannsins o.fl.

Aflahæsti skipstjórinn varð Benedikt Guðmundsson og áhöfn hans á Páli Helga frá Bolungarvík með tæp 1.783 kg og tæp 357 kg að meðaltali á stöngina. Annar aflahæsti skipstjórinn varð Gísli Jón Kristjánsson og áhöfn hans á Hafsúlunni frá Ísafirði með tæp 1.561 kg og rúm 312 kg að

meðaltali á stöngina og í þriðja sæti Samúel Kristjánsson og áhöfn hans á Fengsæl frá Súðavík með 1.340 kg og 268 kg á stöngina.

Það var eftir því tekið og minnst margir aðkomnir keppendum á að bátarnir sem keppt var á hefðu verið einstaklega snyrtilegir, allir nýmálaðir og aðstæður um borð allar hinar bestu. Skipstjórnarnir og aðstoðarmenn þeirra lögðu sig alla fram, tóku inndreginn fiskinn af krókum og gerðu að aflanum, greiddu úr flækjum og aðstoðuðu keppendum við veiðina eins og keppnisreglur frekast leyfðu. Það var samdóma álit allra keppenda að sjóstangaveiðimótið hafi verið afar skemmtilegt og heppnast hið besta og vildi Sjóstangaveiðifélag Ísfirðinga koma á framfæri þökkum til allra þeirra er þátt tóku í keppninni, en þó sérstaklega til skipstjóra og aðstoðarmanna.

Tjöruhúsið í Neðstakaupstað

Tónleikar með Guðrúnu og Margrétu

Guðrún Jónsdóttir söngkona og Margrét Gunnarsdóttir píanóleikari munu koma fram á kaffitónleikum í Tjöruhúsinu á sunnudaginn kl. 20:30. Yfirskrift tónleikanna er „Út um græna grundu“ og flytja þær stóllur vor- og sumarlög af ýmsu tagi, eins og yfirskriftin ber með sér. Efnisskráin samanstendur af lögum eftir marga höfunda m.a. Sigvalda Kaldalóns, Árna Þorsteinsson, Skúla Halldórsson og Pál Ísólffsson, auk laga fleiri þekkra íslenskra og erlendra höfunda.

„Tilefni þessara tónleika er ekkert sérstakt, nema að koma saman og gleðjast og gera eitthvað skemmtilegt,“ sagði



Guðrún í samtali við blaðið. Hún hefur starfað og verið búsett víða um lönd, m.a. Svíþjóð og Ítalíu, en hún upplýsti við blaðið að nú væri hún að „koma heim“ því hún væri búin að ráða sig sem

söngkennara við Tónlistarskóla Ísafjarðar næsta haust. „Það leggst mjög vel í mig að koma heim. Það er yndislegt að vera hérna og ég hlakka mikið til að takast á við hlutverk söngkennara hér á Ísafirði. Ég vona

að næsti vetur verði líflegur hvað söngstarfið varðar. Ég er a.m.k full af orku og ég vona bara að fólk taki vel við því sem ég hef fram að færa,“ sagði Guðrún.



Hluti þátttakenda við eina vörðuna á Klofningsheiði. Myndir: Guðmundur Björgvinsson.

Hleðslunámskeið Atvinnuþróunarfélagsins

Hlóðu vörður á Klofnings- og Klúkuheiðum

Hleðslunámskeið á vegum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og ferðamálafulltrúa var haldið helgina 27. - 29. júní, en umsjón með því hafði Guðmundur Björgvinsson, svæðisleiðsögumaður á Flateyri. Námskeiðið hófst með kynningu í Holti í Önundarfirði á föstudagskvöldi, þar sem Guðjón Kristinsson, hleðslumeistari frá Dröngum í Árneshreppi, útskýrði og teiknaði upp ýmsar gerðir af hleðslum.

Á laugardagsmorgun hófst verklegi þátturinn á því að

gengið var á Klofningsheiði milli Önundarfjarðar og Súgandafjarðar. Þar er gömul gönguleið, þétt vörðuð átján vörðum, en fimmtán þeirra voru hlaðnar upp frá grunni af 22 þátttakendum. Verkið vannst hratt og vel og gafst tími til að ganga fram á Eyrarfjall yfir Flateyri til að njóta útsýnis.

Á sunnudaginn mættu 20 þátttakendur á bílum sínum á Sandsheiði og hlóðu upp vörður á Klúkuheiði, sem liggur af Sandsheiði til Valþjófsdals í Önundarfirði. Var það mál

þátttakenda að námskeiðið hefði reynst hið besta mál, enda voru allir útitekknir og allnokkru vöðvasteltari að því loknu.

Atvinnuþróunarfélagið og ferðamálafulltrúi Vestfjarða hafa í sumar haldið þrjú hleðslunámskeið. Það fyrsta var haldið að Drangnesi og annað í Breiðvík og hið þriðja við Önundarfjörð. Markmið námskeiðanna er að kenna hleðslu jafnframt því að halda við gömlum gönguleiðum og merkja þær. Styrkur til námskeiðahaldsins fékkst úr pokasjóði.



Útsýn yfir Flateyri af Eyrarfjalli.

Bolungarvík

Markaðsdagur haldinn í 6. sinn

Hinn árlegi markaðsdagur í Bolungarvík verður haldinn á laugardaginn og hefst hann kl. 13 við tjaldstæðið. Þetta er í sjötta sinn sem hann er haldinn. Undanfarin ár hafa ýmsir aðilar boðið margvíslegan varning til sölu og hefur fjölbreytni verið mikil. Vonast forsvarsmenn Ferðamálafélags Bolungarvíkur til að það sama verði upp á teningnum nú, en félagið hefur séð um undirbúning og skipulagningu markaðsdagsins undanfarin ár.

Væntanlegum söluaðilum er bent á að tilkynna þátttöku í Shellskálanum í síma 456 7554, en gjald fyrir eins meter sölubás er 500 krónur. Hægt er að komast í rafmagn sé þess óskað við skráningu.

Hafi einhverjir áhuga á að vera með skemmtiatriði af einhverju tagi eru þeir beðnir um að skrá sig á fyrrgreindum stað og tilkynna hvers eðlis



Frá markaðsdegi í Bolungarvík.

skemmtiatriðið er.

Ferðamálafélag Bolungarvíkur hvetur fólk til að leggja

leið sína til Bolungarvíkur og taka þátt í markaðsdeginum. Búið er að panta gott veður hjá

veðurguðunum og vonandi sjá þeir sér fært að verða við þeirri beiðni.

Ísafjarðarbær

Steinþór stöðvarstjóri í Funa

Fyrir skömmu auglýsti Ísafjarðarbær stöðvarstjóra í sorpbrennslunni Funa lausa til umsóknar, en Þorlákur Kjartansson sem gegnt hefur starfinu, sagði því upp frá og með 1. júní s.l. og lætur af störfum í haust. Umsóknarfrestur rann út um miðjan júní og sóttu fimm um stöðuna: Guðmundur Sigurðsson,

Steinþór Steinþórsson, Víðir Ólafsson, Jóhann Ólafsson og Kristján B. Guðmundsson, en þeir eru allir frá Ísafirði.

Steinþór Steinþórsson var álitinn hæfastur til að gegna stöðunni að mati bæjarverkefndinga og bæjarstjóra og í ljósi þess lagði umhverfisnefnd til að hann yrði ráðinn.



Frá undirritun samningsins á föstudaginn. Fv. Guðjón Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KFÍ, Einar Hermannsson, sölufulltrúi Flugfélags Íslands, og Björgvin Björgvinsson, formaður fjáröflunardeildar KFÍ.

Ísafjörður

KFÍ semur við Flugfélag Íslands

Á föstudaginn var gengið frá samningi milli Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar og Flugfélags Íslands um afsláttarkjör vegna ferða liðsins og áhangenda þess í leiki á komandi keppnistímabili. Að sögn Guðjóns Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra KFÍ, er þetta í fjórða skipti sem slíkur samningur er undirritaður,

fyrst við Flugleiðir og nú Flugfélag Íslands. „Í grófum dráttum snýst þessi samningur um mjög hagstæð flugfaragjöld fyrir KFÍ milli Reykjavíkur og Ísafjarðar og ýmislegt tengt keppnisferðum liðsins eins og hóteltgistingu, bílaleigubíla og fleira,“ sagði Guðjón í samtali við blaðið.

Ísafjörður

Ljósmyndasýning okkar manna

Í gær var opnuð ljósmyndasýning í Rammagerð Ísafjarðar að Aðalstræti 16 á Ísafirði, þar sem til sýnis verða myndir úr ljósmyndasamkeppni félags fréttaritara Morgunblaðsins, „Okkar manna“. Tuttugu og þrjár myndir eru á sýningunni og þar af níu verðlaunamyndir.

Þess má geta að fimm af þessum níu ljósmyndum tók Halldór Sveinbjörnsson, ljósmyndari BB, en þar á meðal er mynd sem valin var mynd ársins í samkeppninni.

Sýningin verður opin á opnunartíma Rammagerðar Ísafjarðar og mun standa yfir til 20. júlí.

Bolungarvík

Bærinn skreyttur með listaverkum

Í vor voru sett upp fjögur skúlptúrlistaverk í Bolungarvík, en höfundur þeirra, Magnús Kr. Jónsson, færði Bolvíkingum þau að gjöf á 50 ára afmælishátíð Bolvíkingafélagsins sem haldin var s.l. sumar. Magnús er gamall Bolvíkingur, fæddur 10. febrúar 1920 og er nú til heimilis á Hrafnistu í Reykjavík. Gjöfin er til minningar um foreldra hans, hjónin Kristínu M. Guðmundsdóttur og Jón V. Bjarnason, en þau fluttu frá Ísafirði til Bol-



Óður til lífsins.

ungarvíkur árið 1917 og áttu þar heima til dauðadags.



Heimsmynd

Skjalasafnið á Ísafirði

Böðvar leitar Ameríkubréfa

Á síðari hluta síðustu aldar og í byrjun þessarar, fluttu allmargir Íslendingar til Vesturheims í leit að betri lífskjörum. Böðvar Guðmundsson rithöfundur hefur fjallað um þetta efni í bókum sínum „Híbyli vindanna“ og „Lífsins tré.“ Síðastliðið vor hófst hann handa um söfnun Ameríku-

bréfa með útgáfu þeirra að markmiði. Því miður reyndust engin slík bréf til í Skjalasafninu á Ísafirði þegar eftir þeim var leitað, en nú er ætlunin að bæta úr því.

Ég vil því eindregið hvetja þá sem hafa slík bréf undir höndum til að afhenda þau Skjalasafninu til varðveislu eða

a.m.k. til afritunar. Á hausti komanda mun Böðvar væntanlega koma hingað vestur til að skoða það sem þá hefur skilað sér til safnsins. Engin bréf verða birt nema í samráði við ættingja eða þá sem bréfin

afhentur.

Jóna Símonía Bjarnadóttir, skjalavörður. Sími 456 3936 eða 456 3296

Skjalasafnið Ísafirði, Gamla Sjúkrahúsinu, Eyrartúni, 400 Ísafjörður

Drangsnæs

Bryggjuhátið með skemmtiatriðum

Laugardaginn 19. júlí verður haldin Bryggjuhátið á Drangsnæsi. Dagurinn verður undirlagður af ýmiskonar skemmtun og uppákomum fyrir alla fjölskylduna og mun fjörið standa fram á nótt. Gestum hátíðarinnar verður boðið upp á Grímseyjar-siglingu, marhnútakeppni, sjávarréttasmakk, myndlist-

arsýningu og ljósmyndarsýningu, ásamt grilli, gríni og söng við varðeld. Hápunktur dagsins að marga mati verður svo bryggjuball í Baldri.

Vestfirðingar eru hvattir til að fjölmenna á bryggjuhátiðina og njóta þess sem í boði verður af mannsins hendi og náttúrunnar.

Lögreglan á Ísafirði

Umferðarátak

Lögreglan á Ísafirði stóð fyrir umferðarátaki 25. júní s.l. þar sem almennt ástand bifreiða var kannað. Stöðvadar voru 52 bifreiðar og þar af 25 í þéttbýli og 27 utan þéttbýlis. Ýmsu var ábótavant hjá öllum öðrum og voru t.d. 11 þeirra án ökuskrteina, 6 án skráningarskrteina og 5 höfðu ekki kveikt ökuljós.

Einnig voru 5 ökumenn og 6 farþegar án bílbelta og þar af tvö börn.

Almennt ástand bifreiða var í nokkuð góðu lagi, en þar sem á vantaði varðandi aðbúnað voru ökumenn áminntir og þeim gerð grein fyrir sektum vegna brota á umferðarlögum.



Arnar, Hafdís, Valdís og Heiða, en Beggi komst ekki í myndatökuna.

Héldu hlutaveltu

Arnar Ingi, Hafdís María, Valdís María, Heiða Björk og Beggi héldu hlutaveltu á dögnum og gáfu Rauða-

krossinum ágóðann, 2.215 krónur. Í samtali við blaðið sögðust krakkarnir hafa haft kertastjaka, kerti, nammi, sós-

ur, eldhúsahöld og margt fleira í vinninga, en hlutaveltan fór fram á Silfurtorgi.



Afmæli

80 ára

Svanfríður Sigrún Gísladóttir (Bía Gísla) Hlíðarvegi 8 Ísafirði, verður 80 ára 14. júlí n.k.

Svanfríður og eiginmaður hennar Hjörtur Bjarnason, taka á móti vinum og ættingjum í Kiwanishúsinu á Skeiðinu í Skutulsfirði, sunnudaginn 13. júlí frá kl. 16 til 19.

Golfnámskeið

fyrir fulloröna á golfvelli í Tungudal Vikuna 14. - 18. júlí 1997.

Byrjendaflokkur kl. 19:00, framhaldsflokkur kl. 20:30. Námskeiðsgjald er kr. 2.500,- fyrir þá sem eru félagar eða eru með sumarkort. Fyrir aðra þátttakendur kr. 3.500,- og fá þeir afhent sumarkort sem gildir sem aðgangur að velli í sumar.

Innritun í síma 896 2312 eða 456 3035. Kennari er Sigurður Samúelsson.

Golfkúbbur Ísafjarðar.

Frum - mynd


Allra nýjustu geisladiskarnir

Sérfræðingar í gerfihnattabúnaði.

Opið frá kl. 15:00 til kl. 20:00 virka daga

Frum - mynd,

Sólgötu 11, Sími 456 5091



Vinnuvélanámskeið á Ísafirði, 19. júlí

Námskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla verður haldið á Ísafirði ef þáttaka næst.

Námskeiðið er 80 st., er fram á kvöldin og um helgar og gefur réttindi til töku prófs á allar gerðir og stærðir vinnuvéla.

Verð á námskeiðinu er aðeins 34.900,- kr.

Námskeiðið er viðurkennt af Vinnueftirliti ríkisins og er bæði bóklegt og verklegt.

Skráning og upplýsingar hjá Svavari í síma 898 3903. Áhugamenn um að fá námskeiðið í önnur byggðarlög hafi samband.

Nýi ökuskólinn, Klettagörðum 11 Reykjavík, sími 588 4500

Hnífsdalskapella

Á næsta sunnudag 13. júlí kl. 14:00 verður guðsþjónusta í Hnífsdalskapellu.

Sóknarprestur.

Út um græna grundu

Sumartónleikar í Tjöruhúsi, sunnudagskvöldið 13. júlí kl. 20:30.

Guðrún Jónsdóttir söngkona og Margrét Gunnarsdóttir píanóleikari flytja létt sumarlög.

Léttar kaffiveitingar.

Velkomin í Tjörukaffi.



Krakkarnir eftir verðlaunaafhendinguna, ásamt Hildi Lóu Högnadóttur frá styrktaraðila mótsins, Birki ehf. og Gylfa Sigurðssyni leiðbeinanda á námskeiðinu.



Krakkarnir sýndu snilldartakta í golfinu.

Golfklúbbur Ísafjarðar

Golfnámskeið og mót fyrir börn og unglinga

Frá 6. júní hefur Golfklúbbur Ísafjarðar staðið fyrir golfnámskeiði fyrir börn og unglinga á golfvelli í Tungudal. Í tengslum við námskeiðið var á föstudaginn haldið Essó Birkismót í golfi fyrir þátttakendur og spiluðu krakkarnir 5 holur sem sérstaklega höfðu verið útbúnar fyrir þá. Að sögn Gylfa Sigurðs-

sonar, leiðbeinanda krakkanna, hafa þeir fengið kennslu í öllu sem viðkemur golfi, allt frá undirstöðuatriðum, umgengnisreglum á vellinum og samskiptum við aðra kylfinga, til þess að spila í móti eins og á föstudaginn. Næstu þrjár vikur verður höfuð áhersla lögð á að spila golf og munu krakkarnir fá

leiðsögn hjá Gylfa, þrjú morgna í viku. Styrktaraðilar mótsins á föstudaginn voru Essó og fyrirtækið Birki ehf. á Ísafirði, sem gáfu öllum þátttakendum verðlaunapeninga, auk þess sem þrír efstu fengu sérstök verðlaun. Í fyrsta sæti á 31 höggi varð Birki Halldór Sverrisson, í öðru sæti á 32 höggum varð

Sveinn Ingi Valgeirsson og í þriðja sæti á 39 höggum varð Sveinbjörn Pétursson.

Heljarmikil grillveisla var haldin að loknu golfmótinu og að sjálfsögðu var yfirgrillmeistari Golfklúbbs Ísafjarðar, Edward Hoblyn, mættur til að grilla pylsurnar.



BÍL A S Ý N I N G

elskaðu!

Ég sem hafið aldrei trúað á ást við fyrstu sýn!

Ný Toyota
Corolla



Við kynnum áttundu kynslóðina af Toyota Corolla - vinsælasta bíl í heimi og mest keypta bíl á Íslandi undanfarin tíu ár.

Snertu, elskaðu, þráðu, eignastu!

Láttu hjartað ráða - og þú velur hana fegurðinnar vegna. Láttu tilfinningar ráða - og þú velur hana aksturseiginleikanna vegna.

Láttu skynsemina ráða - og þú velur hana öryggisins vegna.

Komdu í Bílatanga á Ísafirði og reynsluaktu nýrri **Toyota Corolla laugardaginn 12. júlí milli kl. 13:00 og 17:00 og sunnudaginn 13. júlí milli kl. 13:00 og 17:00** - það verður ást við fyrsta akstur

TOYOTA
Tákn um gæði



Flókin stjórnsýsla í fámennu samfélagi

Að undanförunu hefur verið rætt nokkuð um sameiningu sveitarfélaga og kosti þess sem eru umtalsvert fleiri en gallarnir. Á Vestfjörðum búa nú innan við 9 þúsund íbúar og hefur fækkað um eitt og hálf þúsund á rúmum áratug. Endalaust væri hægt að ræða ástæður þeirrar fækkunar. Því verður ekki breytt sem liðið er, en engan veginn þarf að vera ómögulegt að snúa þróuninni við. Samkvæmt skoðanakönnunum vilja ekki allir þeir sem búa í Reykjavík búa þar, en samt gera þeir það. Ekki er meiningin að fara að efla til neins óvinafagnaðar. En þetta segir okkur að viðar er að finna óánægju með aðstæður og búsetu en á landsbyggðinni. Best fer á því að fólk sé ánæggt þar sem það býr og dvelur hverju sinni.

Búast má við því að með aukinni tæknivæðingu muni fólk flytja sig oftar um set en hingað til hefur verið. Auðvitað þarf að gera því það eins auðvelt og þægilegt og mögulegt er.

Sjálfsgætt hefur aukin flutningur innanlands, auk þess að margir hafa dvalið um margra ára skeið við nám og störf erlendis, þau áhrif að fólk ber frekar saman aðstæður, kosti og galla þeirra sveitarfélaga sem það velur sér til búsetu en áður var. Samanburður milli sveitarfélaga mun ráða miklu. Atvinnan ein mun ekki skipta máli.

Færast mun í vöxt með aukinni menntun að hjón starfi hvort á sínum stað, ekki endilega í sama sveitarfélagi. Það hagstæðara verður valið til heimilisbúsetu. Skólar, þar með taldir leikskólar, heilsugæsla, samgöngur innan sveitarfélags og við aðra staði innan landshluta og utan og til Reykjavíkur auðvitað. En fleira kemur til.

Jafnræði með íbúum landshluta

Í þessari umræðu hefur mikilvægt atriði gleymst. En það er réttur íbúa sveitarfélaga sem liggja hlið við hlið í sama landshluta til að njóta sams konar stjórnsýslu. Öllum má ljóst vera svo tekið sé dæmi af norðanverðum Vestfjörðum, að afar ólíklegt er að hreppsnefnd Súðavíkurhrepps, jafnvel eftir stækkun 1. janúar 1995 eigi þess kost að leysa úr viðfangsefnum varðandi íbúana eða vandamálum þeirra með samsvarandi hætti og bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar með fjórfalt fleiri íbúa, að ekki sé talað um bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, sem gætir hagsmuna rúmlega 15 falds íbúafjölda Súðavíkurhrepps. Til frekari skýringar munu búa í Súðavíkurhreppi um 300, í Bolungarvík um 1200 og í Ísafjarðarbæ um 4600 íbúar. Hvað þá með fámennari sveitarfélög eins og í Strandasýslu og Barðastrandarsýslum. Í þeirri fyrrnefndu búa rúmlega eitt þúsund manns í 6 sveitarfélögum og þeirri síðarnefndu nálægt 2300 í þremur sveitarfélögum.

Einhverjum kann að finnast að þjónustan muni fjarlægjast íbúana við sameiningu. Gott og vel þetta eru rök út af fyrir sig. En spurt er í staðinn hvers konar þjónusta er veitt í sveitarfélagi með innan við eitt þúsund íbúa? Er ekki snöggtum skárra að hafa þjónustu, þótt hún kunni að vera fjarlæg fyrst í stað, en að hafa litla sem enga þótt hún sé í næsta húsi? Svarið er jú. En tökum fleiri dæmi. Barnaverndarnefndir sinna svo flóknnum og sérhæfðum málum að í sveitarfélagi sem telur innan við 1000 íbúa verður starf slíkrar nefndar erfitt. Það er líka raunin í þau sára fáu skipti sem slíkt kemur til. Fámennið og nálægðin gera það að verkum að oft eru nefndirnar óstarfhæfar. Félagsmálaráðherra hefur skorið upp herör og vill fækka barnaverndarnefndum enn frekar en orðið er. Það er gott.


Fleiri nefndir sem annast stjórnsýslu má nefna. Heilbrigðisnefndir eru allt of margar. Þeim er nauðsynlegt að fækka með samkomulagi, ef ekki, þá kemur til lagaboð. Þegar sveitarfélaganna eiga rétt á sem líkastri afgreiðslu sinna mála. Vestfirðir eru einn landshluti, að vísu stór og strjálbýll. En fólk á rétt á að njóta þar jafnræðis. Hér eru enn ein rökin fyrir sameiningu sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Sameiginlegir hagsmunir eru miklu meiri en það sem skilur að.

Stjórnsýsla ríkisins - löggæsla

Fjallað hefur verið lítillga um stjórnsýslu sveitarfélaganna. En ríkisvaldið heldur einnig uppi stjórnsýslu í héraði. Í hverju kjördæmi eru skattstjórnar, einn fyrir hvert að Suðurlandi frátöldu en þar eru tveir, því einn situr í Vestmannaeyjum. Þar ætti að vera gætt samræmis innan kjördæma. En í hverju kjördæmi eru yfirleitt nokkrir sýslumenn, sem auk þess að sinna margs konar stjórnsýslustörfum á vegum ríkisins stjórna lögreglu hver í sinni sýslu, sem heita víst stjórnsýsluumdæmi nú. Á Vestfjörðum starfa fjórir sýslumenn sem eru einnig lögreglustjórnar. Aðeins á einum stað er sólarhringsvakt lögreglu, á Ísafirði. Í Bolungarvík sem liggur 15 kílómetra frá starfa 2 lögreglumenn, en þar er ekki sólarhringsvakt. Liggur ekki beint við að hér þurfi úrbóta við? Jafnræðis-sjónarmiðið segir svo vera. Eftir hverju er þá beðið?

- Stakkur



Sumaropnun í Vídeóhöllinni

Sunnudaga frá kl. 15:00 til kl. 19:00
og frá kl. 20:00 til kl. 23:30

Mánudaga - föstudaga frá kl. 16:00 til kl. 19:00
og frá kl. 20:00 til kl. 23:30

Laugardaga frá kl. 15:00 til kl. 19:00
og frá kl. 20:00 til kl. 24:00


Þjónusta er okkar mottó!

Vídeó
Höllin
- við Norðurveg
456 4853

Verð á myndböndum:

Nýjar myndir kr. 400 (ein eldri frí með)
Eldri myndir kr. 200 (yfir 3000 myndir)
Teiknimyndir kr. 100

Tölvuleikir og Nintendo 64 tölva



Stakkur
skrifar

TOPP 10 MYNDBÖND HJÁ VÍDEÓHÖLLINI

1. Sleepers
2. Djöflaeyjan
3. The first wifes club
4. The Long kiss...
5. Jingle all the way
6. The Craft
7. Black sheep
8. First kid
9. Matilda
10. Poison Ivy

http: 3 góðar a NETINU

<http://www.dcopperfield.com/>

Á heimasíðu David Copperfield er hægt að finna upplýsingar um manninn sem lét Frelsisstyttna hverfa

<http://mpfwww.jpl.nasa.gov/>

Á heimasíðu Nasa er hægt að nálgast upplýsingar um ferðir Pathfinder svo og að kíkja á myndir frá rauðu plánetunni.

<http://www.hotmail.com>

Á heimasíðu Hotmail er hægt að fá ókeypis netfang og áskift að ýmsum fréttabréfum. Getur komið sér vel fyrir þá sem ekki hafa internet aðgang

SPÓLAN TÆKINU



Casualties

Ofsóknir eiginmannsins leiða til skelfilegar atburðarásar. Á yfirborðinu virðist hjónaband Annie og Marks í góðu lagi. En staðreyndin er sú að Annie hefur þurft að setta sig við ofbeldi af völdum Marks



veðrið

Horfur á fimmtudag: Hæg suðaustlæg eða breytileg átt og skúrir. Hiti 6 til 14 stig, hlýjast um landið sunnanvert.

Horfur á föstudag: Hæg suðaustlæg eða breytileg átt og skúrir. Hiti 6 til 14 stig, hlýjast um landið sunnanvert

Horfur á laugar- dag, sunnudag og mánudag: Gert er ráð fyrir hægri breytilegri átt, skýjað með köflum en víðast þurr. Fremur hlýtt verður í veðri.

Vantar þig fjórhjóladrifinn bíl fyrir veturinn. Til sölu MMC Lancer '93. Góður bíll á hagstæðu verði. Upplýsingar í síma 456 6111 eða 456 3828.

Til sölu 486 PC tölva, 100 Mhz, 8Mb, m/módem, geisladrifi og hátölurum. Fullt af forritum fylgir m.a. fyrir Internettengingu. Á sama stað er til sölu svamp-svefnsofi, kómmóða og ljós viðarstóll. Upplýsingar í síma 456 6111 eða 456 3828.

Gulli sendill sendist í allt sumar fyrir hin og þessi fyrirtæki. Upplýsingar í síma 456 4104 eða símböða 845 3626

Til leigu 7 herbergja (5 svefnherbergi) raðhús á Ísafirði. Upplýsingar í síma 456 3942 á kvöldin eða 894 5959

Til sölu vegna flutnings; þrekhlól, kómmóða og ruggustóll. Selst ódyrt. Upplýsingar í síma 456 3030, eftir kl. 18:00.

Óska eftir barnakerru, þarf að vera hægt að halla baki. Upplýsingar í síma 456 7252, Magga.

Til sölu Móholt 9, sem er 160 m² fyrir utan bílskúr. Upplýsingar í síma 456 3629.

Til sölu Palomino fellihúsi,

árgerð '97, tilbúið í ferðalagið. Gott staðgreiðsluverð. Upplýsingar í síma 852 3996, Hjalti.

Til sölu Alfa Romeo 4x4, ekinn 160 þúsund km. Verð krónur 150 þúsund. Upplýsingar í síma 456 8373, á kvöldin.

Efri hæð á Urðarvegi 49 er til sölu. Upplýsingar í síma 456 4244

456 3814

Til sölu Combi Camp Family tjaldvagn, árgerð '95. Upplýsingar í síma 456 5481

Til sölu vel með farið þríhjól. Upplýsingar í síma 456 4445, Dagný.

Til sölu dökkblár Emmaljunga kerruvagn. Selst á góðu verði. Upplýsingar í síma 456 3014

KAUP & SALA ÓKEYPIS SMÁUGLÝSINGAR

Til sölu 10 kw hitakútur með innbyggðum neysluvatnsspiral ásamt dælu og þrýstikút. Selst ódyrt. Upplýsingar í síma 456 3388

Til leigu er 4 herbergja íbúð með bílskúr að Stórholti 13. Upplýsingar í síma 456 3542

Til sölu notuð kerra með hlíf og öllu tilheyrandi og Britax barnabílsstóll. Upplýsingar í síma 456 3835

Einbýlishúsið að Mánagötu 9 er til sölu. Upplýsingar í síma 456 3654, eftir kl. 19.

Til sölu MMC L-300 '89. Góður bíll á góðu verði, vel með farinn. Upplýsingar í síma

Ódyr tveggja herbergja íbúð til sölu. Allt nýtt, ódyrt að kynda, selst á hlægilegu verði. Lítil eða engin útborgun, jafnvel góður bíll kemur til greina. Upplýsingar í síma 456 3128

Til sölu MMC Colt GLXi, árgerð '93, sjálfskiptur, með spoiler, ekinn 44 þúsund km. Upplýsingar í síma 456 7304 eða 853 5475

Til sölu Mercedes Benz 300D, 5 cyl, sjálfskiptur, árgerð '81. Fallegur og góður bíll. Skipti möguleg. Upplýsingar í síma 434 1166 eða 852 7544

Til sölu einbýlishús að Brautarholti 12. Góð greiðslukjör,

laus 1. ágúst. Upplýsingar í síma 456 3627 eða vs. 456 3009, Sigríður eða vs. 456 5011, Trausti.

Hreinræktaður persneskur högni fæst gefins. Upplýsingar í síma 456 3193

Messuferð verður farin á laugardaginn að Stað í Aðalvík. Farið kl. 8:00 frá Ísafirði og 24.00 frá Aðalvík. Nauðsynlegt er að panta far sem fyrst. Munið nesti og hlýjan fatnað. Áttahagafélög Sléttu-hrepps.

Tveggja herbergja íbúð til leigu á Eyrinni. Upplýsingar í síma 456 3568

Til sölu 486 tölva. Upplýsingar í síma 456 5102

Til sölu MMC Lancer '87, ekinn 155 þús. km, skoðaður '98. Verð kr. 200 þúsund krónur. Upplýsingar í síma 456 8193

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 150 þúsund krónur. Verður að vera skoðaður á árinu og án dráttarkúlu. Upplýsingar í síma 897 2451

Heimili óskast fyrir 2-3 ára blíðan, góðan og heimakæran kött. Upplýsingar í síma 456 7265, Munda.

Til sölu Subaru Legacy 2.5, 4x4, árgerð '91. Ekinn 54 þúsund km. Upplýsingar í síma 456 3834, Jónas.

Félagsheimilið Hnífsdal



**á risadansleik á laugar-
dagskvöld til kl. 03:00**

**Skelltu þér á fyrsta 18 ÁR
stórdansleik sumarsins**

UM HELGINA



Föstudags- og laugardagskvöld til kl. 03:00

DISKÓTEK + PÖBB 18 ÁR



**Hefur þú smakkað okkar frábæru
klúbbsamlökur?**

ÍSÁFJARDARBÍÓ



The Fifth Element


Fimmtudag kl. 21:00

Sunnudag kl. 21:00

Mánudag kl. 21:00

Bönnuð innan
10 ára

Helgar- dagskráin



Föstudagur

- 09.00 Líkamsrækt (e)
- 09.15 Sjónvarpsmarkaðurinn
- 13.00 Aðeins englar hafa vængi (e)
- 14.55 Neyðarlínan (12:14) (e)
- 15.40 NBA-tilprif
- 16.00 Kóngulóarmaðurinn
- 16.25 Snar og Snöggur
- 16.45 Magðalena
- 17.10 Áki já
- 17.20 Glæstar vonir
- 17.45 Líkamsrækt (e)
- 18.00 Fréttir
- 18.05 Íslenski listinn
- 19.00 19 > 20
- 20.00 Suður á bóginn (12:18)
- 20.55 Félagar á ferð
- Far From Home: The Advent-ures of Yellow Dog
- Bandarísk bíómynd frá 1995 um strákinn Angus McCormick sem skolar á land í óbyggðum eftir að bátur sem hann var á ferst.
- 22.15 Stripshow
- Upptaka frá tónleikum hljóm-sveitarinnar Stripshow.
- 23.10 Hinir heimilislausu
- Saint Of Fort Washington
- Bandarísk bíómynd frá 1993 um óbilandi vináttu tveggja heimil-isláusra manna í New York.
- 00.45 Aðeins englar hafa vængi
- 02.50 Dagskrárlök

Laugardagur

- 09.00 Bangsi gamli
- 09.10 Saggi og Vigga
- 09.35 Ævintýri Vífls
- 10.00 Töfravagninn
- 10.25 Bibi og félagar
- 11.20 Soffia og Virginia
- 11.45 Illi skólastjórinn
- 12.10 NBA-molar
- 12.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
- 12.55 Í skugga glæps (1:2) (e)
- Gone in the Night
- Fyrri hluti framhaldsmyndar um unga foreldra, hjónin Cyndi og David Dowaliby, sem eru ákærð fyrir að hafa rænt og síðan myrt dóttur Cyndiar.
- 14.25 Vinir (15:24) (e)
- 14.50 Aðeins ein jörð (e)
- 15.00 Stúlkan mín 2 (e)
- My Girl II
- Gámansöm mynd fyrir alla fjöl-skylduna um Vödu litlu sem er nú ódum að stækka. Fyrri myndin var óhemjuvinsæl og nú verður sögunni fram haldið. Komið er árið 1974 og heimilisástandur hjá Vödu litlu hafa breyst svo um munar.
- 16.35 Andrés önd og Mikki mús
- 17.00 Oprah Winfrey
- 17.45 Glæstar vonir
- 18.05 60 mínútur
- 19.00 19 > 20
- 20.00 Bræðrabönd (13:18)
- 20.30 Ó, ráðhús! (18:24)
- 21.00 Skýjum ofar
- A Walk In the Clouds
- Ungur hermaður snýr aftur til áttahanna eftir að hafa þjónað í síðari heimsstyrjöldinni. Fyrir tilviljun hittir hann fagra dóttur vínekrueiganda sem er í mikilli úlfakreppu og ákveður að hjálpa henni. Hún er þunguð og þorir ekki að mæta föður sínum óstudd.
- 22.45 Sofðu hjá mér
- Sleep With Me
- Ný bandarísk bíómynd þar sem hinn klassíski ástarþrýmningur birtist okkur í svolítið nýju ljósi.
- 00.10 Hulín sýn (e)
- Blind Vision
- 01.45 Dagskrárlök

Sunnudagur

- 09.00 Sesam opnist þú
- 09.25 Gladý-fjölskyldan
- 09.30 Úrmull
- 09.55 Eðlukrúlin
- 10.05 Kormákur
- 10.20 Litli drekinn Funi
- 10.45 Krakarnir í Kapútar
- 11.10 Ein af strákunum
- 11.35 Eyjarklíkan
- 12.00 Íslenski listinn
- 12.55 Listaspegill
- 13.20 Persaflóastríðið (2:4) (e)
- 14.20 Í skugga glæps (2:2) (e)
- 15.45 Babylon 5 (20:23) (e)
- 16.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
- 16.50 Húsið á sléttunni
- 17.35 Glæstar vonir
- 17.55 Rithöfundurinn Gore Vidal
- 19.00 19 > 20
- 20.00 Morðgáta (14:22)
- 20.50 Ástir brennuvargs
- A Pyromaniac's Love Story
- Bandarísk bíómynd frá 1995 um ástina sem kviknar fyrirvaralaust og logar glatt.
- 22.25 60 mínútur
- 23.15 Íslenski boltinn
- 23.35 Morðsaga (9-10:23)
- 01.05 Dagskrárlök

Föstudagur

- 17.50 Táknálsfréttir
- 18.00 Fréttir
- 18.02 Leiðarljós (682)
- 18.45 Sjónvarpskringlan
- 19.00 Fjör á fjölbraut (21:39)
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir
- 20.40 Játningar stríðsekkju
- The Oldest Confederate Wid-ow Tells All
- Bandarísk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum. Tæplega tírað kona rifjar upp eftirminnilega viðburði frá langri ævi sinni sem um leið eru merkisvið-burðir í sögu Bandaríkjanna.
- 22.15 Á næturvakt (11:22)
- 23.05 Blinda vitnið
- Die einzige Zeugin
- Þýsk spennumynd frá 1995. Blind kona verður vitni að hrottalegu morði og aðstodar lögregluna við að upplýsa málið en morðingjarnir vilja komu henni fyrir kattarnef.
- 00.40 Útvarpsfréttir í dag-skrárlök

Laugardagur

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 10.40 Hlé
- 11.55 Formúla 1
- Bein útsending frá undan-keppni kappakstursins í Silver-stone á Bretlandi.
- 13.55 EM í knattspyrnu
- Bein útsending frá úrslita-leikum á Evrópumeistaramóti kvenna sem fram fer á Ulleva-leikvanginum í Oslo.
- 18.00 Íþróttabátturinn
- 18.20 Táknálsfréttir
- 18.30 Grímur og Gæsamamma
- Mother Goose and Grimm
- 19.00 Strandverðir (14:22)
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir
- 20.35 Lottó
- 20.45 Simpson-fjölskyldan
- 21.15 Játningar stríðsekkju
- The Oldest Confederate Wid-ow Tells All
- Bandarísk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum. Tæplega tírað kona rifjar upp eftirminnilega viðburði frá langri ævi sinni sem um leið eru merkisvið-burðir í sögu Bandaríkjanna.
- 22.55 Til sigurs
- Personal Best
- Bandarísk bíómynd frá 1982 um samskipti íþróttakvenna í æfingabúðum
- 01.00 Félagar (5:10)
- Die Partner
- Þýskur sakamálaflökkur um tvo unga einkaspæjara og ævintýri þeirra
- 01.45 Útvarpsfréttir í dag-skrárlök

Sunnudagur

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 10.40 Hlé
- 12.50 Formúla 1
- Bein útsending frá kappakstri-num í Silverstone á Bretlandi.
- 15.30 Hlé
- 17.00 Forsetinn í Dalasýslu
- Þáttur um opinbera heimsókn Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, og frú Guð-rúnar Katrínar Þorbergsdóttur til Dalasýslu.
- 17.25 Nýjasta tækni og vísindi
- 17.50 Táknálsfréttir
- 18.00 Könnunarferðin (3:3)
- En god historie for de små
- Dönsk barnamynd í þremur hlutum. Kristján veltir því fyrir sér hvernig veröldin sé handan limgerðisins. Hann kynnist Mínu og þau leika sér saman.
- 18.30 Dalbræður (8:12)
- Bröðrene Dal
- Leikinn norskur myndaflokkur um þrjá skrytna náunga og ævintýri þeirra.
- 19.00 Geimstöðin (24:26)
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir
- 20.30 Á Hafnarlóð (1:6)
- Gengið með Birni Th. Björns-syni listfræðingi og rithöfundu um söguslóðir Íslendinga í Kaupmannahöfn.
- 21.00 Í blíðu og stríðu (13:13)
- 22.00 Helgarsportíð
- 22.25 Poldark
- Bresk sjónvarpsmynd frá 1995 gerð eftir sögu Winstons Gra-hams um þingmanninn, námu-eigandann og ævintýramann-inn Ross Poldark og fjölskyldu hans.
- 00.05 Útvarpsfréttir í dag-skrárlök

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Sumarhús í Hnífsdal til leigu eða sölu

Ákveðið hefur verið að selja eða leigja íbúðarhús á Teigunum í Hnífsdal, sem rýmd hafa verið, þar eð þau standa á snjóflóðahættusvæði.

Eftirfarandi kvaðir verða lagðar og þing-lýstar á húsín:



Smárateigur 3.



Árvellir 1.

Dvöl í húsunum er óheimil á tímabilinu frá 1. nóv. til 30. apríl ár hvert. Frávik frá þessu hvort sem er til rýmkunar eða þrengingar, skulu í einstökum tilvikum, eftir aðstæðum ákveðin af lögreglustjóra í samráði við Almannafræðingafélag Íslands.

Óheimilt er að endurbyggja húsín verði þau fyrir umtalsverðu tjóni. Ofanflóðasjóður mun ekki greiða neinar bætur til umræddra húsa verði þau fyrir skemmdum af völdum ofanflóða.

Húsín eru einnig til sölu til flutnings af svæðinu.

Hugsanlegt er að leigja húsín til lengri eða skemmri tíma.

Upplýsingar um leigu og leigukjör veitir Birgir Valdimarsson á bæjarskrifstofunum í síma 456 3722.

Aðrar upplýsingar um verð, greiðslukjör og annað veitir: Arnar G. Hinriksson, hdl. Silfurtorgi 1, Ísafirði, sími 456 4144.



Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk



Bremen öðru sinni í Ísafjarðarhöfn

Skemmtiferðaskipið Bremen kom til Ísafjarðar á laugardaginn í annað skiptið á þessu sumri. Skipið, sem er 6.750 tonn, lagðist að bryggju og hafði fimm tíma viðdvöl og gafst 129 farþegum og 93 manna áhöfn kostur á að skoða sig um á Ísafirði þann tíma. Að sögn Hermanns Skúlasonar, hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar, létu farþegarnir sem eru þýskir, vel af dvöl sinni á Ísafirði, en þeir skoðuðu m.a. Sjóminjasafnið í Neðstakaupstað. Skemmtiferðaskipið Berlin mun koma til Ísafjarðar þann 26. júlí, en það er mun stærra en Bremen, eða 9.570 tonn.



Eins og sjá má á myndinni er jeppinn töluvert skemmdur.

Ölvunarakstur á Ísafirði

Velti jeppa og stakk af

Um kl. 5:45 á laugardagsmorguninn veittu lögreglumenn á lögreglustöðinni Ísafirði því athygli að jeppi nokkur var á ferð um Pollgötuna, en eiganda hans höfðu þeir séð drukkinn skömmu áður. Lögreglumennirnir vildu kanna þetta nánar og fóru og leituðu jeppann uppi. Hann fundu þeir á hvoli í Fjarðarstræti við Íshúsfélag Ísafirðinga, en ökumaðurinn var á bak og burt. Hann fannst þó seint og um síðir eftir ábend-

ingar vitna og reyndist vera eigandinn fyrrgreindi. Eigandinn viðurkendi að hafa verið drukkinn við stjórn jeppans og verður hann nú að taka afleiðingum gerða sinna. Hann reyndist lítið meiddur, en jeppinn talsvert skemmdur.

Að sögn Önundar Jónssonar, yfirlögregluþjóns á Ísafirði, hefur nú á stuttum tíma verið um þrjár bílveltur að ræða þar sem drukkinn ökumenn hafa eyðilaggt bíla. Þann 8. júní var

bíl stolið af réttindalausum og drukknum manni og endaði ökuferðin inn í Djúpi þar sem bílnum hvolfdi. Á sama tíma velti maður bíl sínum í Hestfirði og gjöreyðilagðist bíllinn. Önundur kvaðst ekki muna svo margar bílveltur á svo stuttum tíma þar sem ölvun hefur komið við sögu, og vildi brýna fyrir fólki að láta lögreglu vita ef það verður vitni að ölvunarakstri eða tilraun til hans.

Hraðfrystihúsið í Hnífsdal

Þriggja vikna sumarlokun

Hraðfrystihúsið í Hnífsdal mun gera hlé á starfsemi sinni frá 28. júlí til 17. ágúst. Að sögn Konráðs Jakobssonar, framkvæmdastjóra, hafði verið ákveðið að loka í mánuð en það stytt vegna verkfallsins. „Við urðum að taka ákvörðun um lokun fyrir lok apríl, en þá hafði verkfallið staðið í viku. Þess vegna styttum við fyrirhugaða lokun um viku, en við

sáum auðvitað ekki fyrir sjö vikna verkfall. Togarinn Páll Pálsson mun einnig stoppa eitthvað, en hann mun væntanlega fara í Smuguna ef einhver veiði verður þar. Það eru líka miklar takmarkanir á veiði smábátanna í byrjun ágúst og við erum að reyna að fá starfsfólk til að taka frí á þeim tíma sem erfitt er að fá hráefni á,” sagði Konráð.

Um 60 manns hafa unnið

hjá Hraðfrystihúsinu að undanförunu og hefur vantað fleira vant starfsfólk. „Við höldum jafnvel að við myndum fá fleira vant fólk vegna fyrirsjáanlegrar fækkunar annars staðar, en það hefur ekki orðið,” sagði Konráð. Hann sagði að lokunartíminn yrði nýttur til viðhalds og á meðal annars að setja nýtt slitlag á gólf vélasalar.

Breytingar á slægingarstuðli

Gætu leitt til aflaaukningar

Um nokkurn tíma hefur verið bent á að stuðull sá sem notaður hefur verið til að reikna óslægðan þorsk yfir í slægðan hafi ekki verið í samræmi við hlutfall slógs í fiskinum nema helst yfir hávertíðina sunnan lands og vestan. Þá hafa verið leiddar líkur að því að stuðullinn hafi frekar latt menn til að koma með slægðan fisk í land.

Sjávarútvegsráðuneytið

hefur nú ákveðið að breyta slægingarstuðlinum fyrir þorsk, ýsu og ufsa úr 0,8 í 0,84 en það þýðir að slóg verður talin 16% af heildarþunga fiskis í stað 20% áður.

Aflaheimildir eru miðaðar við óslægðan fisk, en þorsk-aflaheimildir verða samtals 218.000 tonn á næsta fiskveiðarári og má búast við verulegrar aflaaukningar vegna hækkunar slægingarstuðulsins.

Reikna má með 4% aukningu vegna þorsks sem landað verður slægðum en hlutfall hans hefur að jafnaði verið 3/4 af heildarþorskafli. Því má reikna með að heildarþorskafli næsta fiskveiðarárs aukist um 6.600 tonn.

Þá hefur álag á ýsu sem flutt er út óunmin, verið lækk- að úr 20% í 15% en 10% útflutningsálag er lagt á skrápflúru og sandkola.